# Alþjóðleg vernd og dvalarleyfi: endurnýjun og fjölskyldusameining

10. febrúar 2026

ALDÍS SUNNA JÓNSDÓTTIR

ÍRIS GUÐMUNDSDÓTTIR

HULDA MAGNÚSDÓTTIR

VERNDARSVIÐI

# Dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar

Dvalarleyfi sem veita alþjóðlega vernd eru eftirfarandi:

1. Alþjóðleg vernd vegna ástæðuríks ótta við ofsóknir í heimaríki
   - 1. mgr. 37. gr. útlendingalaga
2. Alþjóðleg vernd á grundvelli viðbótarverndar
   - 2. mgr. 37. gr. útlendingalaga
3. Fjölskyldusameining við maka eða barn sem nýtur alþjóðlegrar verndar
   - 2. og 3. mgr. 45. gr. útlendingalaga.
4. Vernd í boði stjórnvalda (kvótaflóttamenn)
   - 43. gr. útlendingalaga

# Alþjóðleg vernd vegna ótta við ofsóknir

Á við þegar:

- Aðili telst hafa ástæðuríkan ótta við ofsóknir í heimaríki vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða stjórnmálaskoðana og getur ekki eða vill ekki vegna slíks ótta færa sér í nyt vernd þess lands.

Réttaráhrif:

- Alþjóðleg vernd
- Dvalarleyfi í þrjú ár
- Heimilt að endurnýja að þeim tíma liðnum
  - Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum
- Öðlast strax rétt til fjölskyldsameiningar

# Veiting alþjóðlegrar verndar

| Ríkisfang | 2024 | 2025 |
|---|---|---|
| IR - Íran | 29 | 3 |
| AF - Afghanistan | 19 | 4 |
| TR - Tyrkland | 3 | 8 |
| VE - Venesúela | 9 | 2 |
| UG - Úganda | 5 | 3 |
| SO - Sómalía | 6 | |
| PS - Palestína | 3 | 2 |
| NG - Nígería | 4 | |
| CO - Kólumbía | 3 | |
| NA - Namibía | 2 | |
| GH - Ghana | 1 | |
| MW - Malaví | 1 | |
| TN - Túnis | 1 | |
| **Samtals** | **86** | **22** |

# Viðbótarvernd

Á við þegar:

- Raunhæf ástæða er til að ætla að aðili eigi á hættu að sæta dauðarefsingu, pyndingum eða annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.
- ..eða að hann verði fyrir alvarlegum skaða af völdum handahófskennds ofbeldis vegna vopnaðra átaka verði hann sendur aftur til heimalands síns.
  - T.d. Viðvarandi stríðsástand eða slæmt almennt öryggisástand.

Réttaráhrif:

- Alþjóðleg vernd
- Dvalarleyfi í tvö ár
- Aðeins heimilt að endurnýja:
  - ef skilyrðum viðbótarverndar er enn fullnægt, þ.e. aðstæður þær sömu eða sambærilegar.
- Réttur til fjölskyldusameiningar háð skilyrðum

# Veiting viðbótarverndar

| Ríkisfang | 2024 | 2025 | 2026 |
|---|---|---|---|
| PS - Palestína | 58 | 89 | 6 |
| UA - Úkraína | 15 | 7 | 2 |
| SY - Sýrland | 12 | | |
| AF - Afghanistan | 8 | 1 | |
| SS - Suður Súdan | | 6 | |
| YE - Jemen | 2 | 1 | |
| SD - Súdan | 1 | | |
| **Samtals** | **96** | **104** | **8** |

# Alþjóðleg vernd á grundvelli fjölskyldusameiningar

Hvenær á það við?

- Maki, barn, foreldri barns eða systkini yngra en 18 nýtur alþjóðlegrar verndar

Skilyrði mismunandi eftir því hvort fjölskyldumeðlimur nýtur alþjóðlegrar verndar samkvæmt 1. mgr. eða viðbótarverndar samkvæmt 2. mgr.

Réttaráhrif:

- Alþjóðleg vernd
- Gildistími dvalarleyfis í samræmi við gildistíma þess sem verið er að sameinast
- Bundið við leyfi fjölskyldumeðlims
- Heimilt að endurnýja ef skilyrðum enn fullnægt

# Dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða (mannúðarleyfi)

Ekki veitt nema búið sé að taka afstöðu til hvort skilyrði alþjóðlegrar verndar séu fyrir hendi

- Ekki hægt að sækja um sérstaklega

Skylda til að kanna rétt til mannúðarleyfis ef skilyrði alþjóðlegrar verndar eru ekki uppfyllt

Veitt af tvenns konar ástæðum:

- Rík þörf á vernd t.d. af heilbrigðisástæðum, erfiðra félagslegra aðstæðna eða erfiðra almennra aðstæðna (1. mgr. 74. gr. utl)
    - Bág efnahagsstaða eða kostnaður við læknisþjónustu eiga ekki hér undir.
- Vegna of langrar málsmeðferðar (2. mgr. 74. gr. utl)
    - Meira en 18 mánuðir (16 ef barn) líða frá umsókn til úrskurðar kærunefndar útlendingamála.
    - Ekki undantekningalaust heldur þurfa tiltekin skilyrði jafnframt að vera uppfyllt
    - Fyrirætlanir um að fella á brott 2. mgr. 74. gr., þ.e. heimild til veitingar mannúðarleyfis ef málmeðferðartími fer umfram 16/18 mánuði.

# Mannúðarleyfi frh.

Réttaráhrif:

- Dvalarleyfi veitt í eitt ár
- Heimilt að endurnýja að þeim tíma liðnum enda hafi forsendur fyrir veitingu leyfisins í upphafi ekki breyst
- Veitir **EKKI** rétt til alþjóðlegrar verndar

# Veiting mannúðarleyfis

| Ríkisfang | 2024 | 2025 | 2026 |
|---|---|---|---|
| UA - Úkraína | 1135 | 974 | 115 |
| VE - Venesúela | 71 | 31 | |
| NG - Nígería | 13 | 6 | |
| IQ - Írak | 17 | | |
| LY - Líbía | 4 | 6 | |
| MA - Marokkó | 2 | 6 | |
| RU - Rússland | 8 | | |
| SO - Sómalía | 6 | 1 | |
| SY - Sýrland | 5 | 1 | 1 |
| EG - Egyptaland | 4 | | |
| AF - Afghanistan | | 1 | |
| BY - Belarús | 1 | | |
| CL - Chile | 1 | | |
| **Samtals** | **1267** | **1026** | **116** |

# Endurnýjun dvalarleyfa

Umsókn um endurnýjun:

- Sótt um tveimur mánuðum áður en núverandi dvalarleyfi rennur út
- Rafrænt á: https://island.is/endurnyjun-flottafolk
- Í afgreiðslu á Dalvegi 18
- Kostnaður: 40.000

Lagabreytingar í júní 2024

- Auknar kröfur um mat á hvort skilyrðum sé áfram fullnægt
- Áður nánast sjálfkrafa endurnýjað (lítið sem ekkert mat)

# Endurnýjun alþjóðlegrar verndar

Alþjóðleg vernd samkvæmt 1. mgr. 37. gr. (ofsóknir), kvótaflótta og í boði stjórnvalda:

- Almennt endurnýjað <u>nema:</u>
  - Sjónarmið um afturköllun dvalarleyfis/alþjóðlegrar verndar eru fyrir hendi
    - T.d. Notfært sér vernd heimríkis, hefur veitt rangar og villandi upplýsingar, aðstæður þær sem höfðu í för með sér að hann var viðurkenndur flóttamaður eru ekki lengur fyrir hendi
  - Synjun nauðsynleg vegna öryggis ríkisins eða almannahagsmuna
- Fyrirvari: sakavottorð

# Endurnýjun viðbótarverndar

Alþjóðleg vernd samkvæmt 2. mgr. 37. gr. (Viðbótarvernd)

- Aðeins heimilt að endurnýja ef skilyrðum ákvæðisins er enn fullnægt
  - Skylda til að endurmeta hvort aðstæður í heimaríki viðkomandi eru enn með þeim hætti að skilyrði viðbótarverndar teljist eiga við.
- Mat leiðir í ljós óbreytt/sambærilegt ástand: Leyfi endurnýjað
  - T.d. Viðvarandi stríðsástand
- Mat leiðir í ljós breytt ástand og skilyrði viðbótarverndar ekki talin eiga við:
  - Boð í viðtal
- Synjað um endurnýjun og alþjóðleg vernd afturkölluð
  - T.d. stríði lokið og uppbygging hafin, batnandi öryggisástand

# Tölfræði um afturköllun alþjóðlegrar verndar

### Eftir ríkisfangi

| Ríkisfang | 2025 | 2026 |
|---|---|---|
| VE - Venesúela | 83 | |
| IQ - Írak | 16 | |
| SO - Sómalía | 5 | |
| HN - Hondúras | 4 | |
| PS - Palestína | 1 | |
| SY - Sýrland | 1 | |
| UG - Úganda | | 1 |
| **Samtals** | **110** | **1** |

Meirihlutinn afturköllun viðbótarverndar í kjölfar synjunar um endurnýjun á viðbótarvernd

- Skilyrði viðbótarverndar ekki lengur fullnægt

Minnihlutinn afturköllun af öðrum ástæðum

# Tölfræði um ástæðu afturköllunar

| Ástæða afturköllunar | 2025 | 2026 |
|---|---|---|
| Aðstæður breyttar í heimaríki | 106 | |
| | 2 | |
| Handhafi afsalar sér vernd | 2 | |
| Notfærði sér vernd heimalands á ný | | 1 |
| **Samtals** | **110** | **1** |

Breyttar aðstæður:

Venesúela

Írak

Sómalía

Hondúras

# Endurnýjun mannúðarleyfis

Mannúðarleyfi:

- Vegna heilsufars eða erfiðra félagslegra eða almennra aðstæðna (1.mgr. 74.gr.)
  - Almennt endurnýjað nema forsendur hafi breyst
    - Dæmi: bætt heilsufar, breyttar félagslegar aðstæður, barn orðið fullorðið
    - Langoftast endurnýjað

- Vegna of langar málsmeðferðar (2.mgr. 74.gr)
- Endurnýjað með fyrirvara um sakavottorð

# Endurnýjun synjað.. og hvað svo?

- Hægt að sækja um annað dvalarleyfi ef skilyrði endurnýjunar fyrra dvalarleyfis eru ekki uppfyllt.
- 15 dagar frá viðtali
- Ekki endurnýjun heldur fyrsta leyfi á nýjum grundvelli
- Telur yfirleitt upp í ótímabundið leyfi ef sótt er um innan gildistíma fyrra leyfis.
- Langflestir hafa fengið veitt annars konar dvalarleyfi
- Synjun um endurnýjun kæranleg til KNU

# Dvalarleyfi á nýjum grundvelli

Algengustu leyfin:

- Sérstök tengsl við Ísland
- Fjölskyldusameining við maka/barn með ótímabundið dvalarleyfi
- Maki Íslendings
- Maki EES borgarar
- Námsmannaleyfi

- Mismunandi kostnaður : https://island.is/s/utlendingastofnun/afgreidslugjald
- Sér umsókn fyrir hvern fjölskyldumeðlim

# Hvaða skilyrði þarf að uppfylla?

Skilyrðin háð hvaða leyfi er sótt um: https://island.is/flokkur/innflytjendamal#dvalarleyfi-a-islandi

Grunnskilyrði:

- Gilt vegabréf sem er gilt 90 daga umfram gildistíma dvalarleyfis sem er sótt um.
- Tilgangur dvalar samræmist dvalarleyfis sem er sótt um
- Framfærsla
- Sjúkratrygging
- Hreint sakavottorð

# Sérstök tengsl við Ísland

- Dvalarleyfi á grundvelli sérstakra tengsla við landið: https://island.is/dvalarleyfi-vegna-serstakra-tengsla
- Ekki veitt ef viðkomandi fellur undir aðra dvalarleyfisflokka
- Gilt vegbréf frá heimaríki
- 18 ára og eldri
- Lögmætdvöl í tvö ár eða lengur
- Sakaferill
  - Hreint sakavottorð
- Trygg framfærsla:
  - 247.572 kr. fyrir einstakling
  - 396.115 kr. fyrir hjón
  - 123.786 kr. fil viðbótar v. fjölskyldumeðlims 18 ára og eldri.

# Dvalarleyfi á grundvelli sérstakra tengsla

| Veiting annars dvalarleyfis | 2025 | 2026 |
|---|---|---|
| Sérstök tengsl | 87 | |
| | 23 | 1 |
| **Samtals** | **110** | **1** |

# Leiðin að ótímabundu dvalarleyfi

Til að fá ótímabundið dvalarleyfi þarf að uppfylla tiltekin skilyrði:

- Samfelld dvöl í fjögur ár
- Gilt dvalarleyfi þegar umsókn er lög fram
- Uppfylla skilyrði um endurnýjun á núverandi dvalarleyfi
- Trygg framfærsla
- Íslenskukunnátta
- Brottvísunarástæður ekki fyrir hendi
- Engin ólokin mál í refsivörslukerfinu

Nokkrar undanþágur og sérstök tilvik en þetta er það sem helst er litið til þegar um er að ræða fólk sem hefur dvalið hér á grundvelli alþjóðlegrar verndar.

# Geta einstaklingar frá Úkraínu fengið ótímabundið dvalarleyfi?

- Einstaklingar frá Úkraínu fá veitt leyfi á grundvelli 44. gr. Útlendingalaga
  - Sameiginleg vernd vegna fjöldaflótta
- Gildandi lög:
  - Eftir fimm ár á fjöldaflóttaleyfi er hægt að óska eftir mannúðarleyfi (sem getur verið grundvöllur ótímabundins leyfis)
  - Eftir eitt ár á mannúðarleyfi er heimilt að gefa út ótímabundið dvalarleyfi (að öðrum skilyrðum uppfylltum)
  - Fyrstu einstaklingarnir gætu þá fengið veitt mannúðarleyfi í fyrsta lagi í mars 2027, og þá ótímabundið ári síðar.

- **Hins vegar er óvissa um framtíðarfyrirkomulag!**

# Áform um breytingu á lögum um útlendinga

- Kom á samráðsgátt í vikunni: https://island.is/samradsgatt/mal/4176
- Fyrirætlanir um að breyta reglunum til samræmis við önnur Evrópuríki hvað varðar sameiginlega vernd vegna fjöldaflótta frá Úkraínu.
    - Ísland eina Evrópuríkið sem býður upp á heimild til ótímabundins leyfis eftir eitt ár á leyfi sem getur verið grundvöllur ótímabundins leyfis.
  - Nánara fyrirkomulag eða framkvæmd liggur ekki fyrir
  - Óljóst hvað verður

# Skilyrði fyrir fjölskyldusameiningu við flóttafólk

Ólík eftir dvalarleyfum:

Fjölskyldumeðlimir einstaklinga sem eru með alþjóðlega vernd (réttarstöðu flóttamanns) og fylgdarlaus börn

- Geta sótt um strax í kjölfar veitingar.

Fjölskyldumeðlimir einstaklinga sem eru með viðbótarvernd

- Geta sótt um þegar handhafi viðbótarverndar hefur endurnýjað dvalarleyfið sitt einu sinni

Undanþágur frá kröfu um endurnýjun

- Aðkallandi umönnunarsjónarmið
- Atvinnuþáttaka, íslenskukunnátta, framfærsla og húsnæði

# Undanþága vegna aðkallandi umönnunarsjónarmiða

Maki

- Handhafi viðbótarverndar þarf að sýna fram á að hafa verið umönnunaraðila maka síns áður en hann yfirgaf heimaríki.

Börn

- Ef handahafi viðbótarverndar á barn sem er í bráðri hættu eða án forsjáraðila.

# Undanþága vegna atvinnuþátttöku, íslenskukunnáttu, framfærslu og húsnæðis

- Dvalarleyfi í að minnsta kosti eitt ár
- Virkur á vinnumarkaði í að lágmarki átta mánuði og vera virkur á þeim tíma sem umsókn er lögð fram
- Hafa lokið 80 klst íslenskunámi með að minnsta kosti 85% mætingu
- Trygg framfærsla, skv. a-lið 1. mgr. 55. gr. útlendingalaga
- Húsnæði fyrir aðstandendur

**Öll skilyrði þurfa að vera uppfyllt.**

# Umsóknir sem falla undir dvalarleyfissvið

- Dvalarleyfi fyrir maka (hjúskapur sem stofnað er til eftir að umsókn um vernd er lögð fram)
- Dvalarleyfi fyrir börn sem fæðast eftir að umsókn um vernd er lögð fram
- Dvalarleyfi fyrir foreldra, 67 ára og eldri
- Aðstandendur mannúðarleyfa

# Takk fyrir okkur

Spurningar?

# Spurningar að lokinni kynningu:

**Hvaða dvalarleyfum fylgja réttindi til að ráða sig í atvinnu (án sérstaks atvinnuleyfis)?**

- Alþjóðleg vernd og viðbótarvernd og aðstandendur þeirra (hafa fengið fjölskyldusameiningu á grundvelli alþjóðlegrar verndar
- Mannúðarleyfi
- Sérstök tengsl
- Ótímabundið dvalarleyfi
- EES/EFTA borgarar og aðstandendur þeirra
- Maki aðila sem dvalarleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar
- Maki Íslendings
- Barn undir 18 ára með dvalarleyfi (ekki vernd eða ML)

**Hvenær þarf að sækja sérstaklega um atvinnuleyfi:**

- Maki erlends ríkisborgara (annarra en þeirra sem talin upp hér að ofan), 70. gr. útl.
- Börn eldri en 18 ára sem hafa verið á dvalarleyfi fyrir barn, 71. gr. útl. (ekki með vernd eða mannúðarleyfi)
- Dvalarleyfi fyrir foreldra barna undir 18 ára (1. mgr. 72. gr. utl)
- Dvalarleyfi fyrir foreldra 67 ára og eldri (2. mgr.  72. gr. útl.
- Námsmannaleyfi
- Hugsanlegt fórnalamb mansals

ATH að upptalning er ekki tæmandi

Hægt að kynna sér réttindi og skyldur allra leyfa hér:

- https://island.is/flokkur/innflytjendamal#dvalarleyfi-a-islandi
- https://island.is/flokkur/innflytjendamal#althjodleg-vernd

# Spurningar frh..

**Getur fólk stytt sér leið, sleppt því að sækja um endurnýjun og sótt strax um dvalarleyfi á nýjum grundvelli?**

Ef fólk telur sig ekki uppfylla skilyrði um endurnýjun núverandi dvalarleyfi og núverandi framkvæmd bendir til þess er ekki gerð krafa um að fólk sæki fyrst um endurnýjun áður en sótt er um dvalarleyfi á nýjum grundvelli.

Svo, já. Það þarf ekki að sækja um endurnýjun áður en sótt um annað dvalarleyfi.

**Gætu þið útskýrt betur varðandi réttindi einstaklings sem kemur hingað í gegnum fjölskyldusameiningu við maka en skilur svo við maka eftir komu hingað?**

Ef forsendur leyfisins bresta, t.d. skilnaður, fellur alþjóðleg vernd eða dvalarleyfi á þeim grundvelli ekki sjálfkrafa niður. Kemur yfirleitt í ljós við endurnýjun en getur komið upp á öðrum stigum ef upplýsingar berast til ÚTL.

- Ef synja á um endurnýjun fær aðili tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum áleiðis og eftir atvikum sækja um sjálfstætt dvalarleyfi/vernd
- Ef afturkalla á dvalarleyfi/vernd fær aðili boð um hugsanlega afturköllun, boð í viðtal og eftir atvikum sækja um sjálfstætt dvalarleyfi/vernd

# Almenn netföng á varðandi fyrirspurnir

Almenn fyrirspurn og varðandi dvalarleyfi á leyfasviði: utl@utl.is

Alþjóðleg vernd, viðbótarvernd og mannúðarleyfi: efnis@utl.is

Fjölskyldusameiningar: avresidence@utl.is

Endurnýjun dvalarleyfa á grundvelli alþjóðlegrar verndar: endurnyjunav@utl.is

Barnamál á verndarsviði: barnateymi@utl.is